

Alþingi
Erindi nr. P 139/760
komudagur 7.12.2010

6.12.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

201. mál

Vísa í fyrri umsögn BÍ um málið frá 138. löggjafarþingi, þskj. 911, 522. mál. Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Virðingarfyllt,
Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.
Bændasamtökum Íslands

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2108
komudagur 10.5.2010



Reykjavík, 7. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt á 138. löggjafarþingi, þskj. 911 – 522. mál

Tilv. 2010050014


Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl 2010.

Bændasamtök Íslands leggja til að skilgreiningu á hugtakinu netlögum verði breytt til samræmis við lög nr. 62/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem er svohljóðandi:

„[...] hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hölmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.“

Netlög eru ekki aðeins sjávarbotn heldur og vatnið yfir botninum. Netlög ná aukreitis ekki eingöngu 115 metra út frá vatnsbakka heldur einnig 115 metra út frá hölmum og skerjum sem eru 115 metra eða nær vatnsbakka. Eðlilegt þykir að netlög skv. lögum um skeldýrarækt verði skilgreind til samræmis við hefðbundna skýringu á hugtakinu en þannig að netlög verði einnig skilgreind sem sjávarbotn 115 metra frá stórstraumsfjörumáli landareignar, eyjum, hölmum og skerjum.

Þá benda Bændasamtök Íslands á að netlög hafa einnig verið skilgreind svo að þau nái út á dýpi sem nemur 20 möskva selnótar eða út á um 7,5 metra dýpi m.v. stórstraumsfjöruborð þar sem grunnsævi er meira en 115 metrar. Bændasamtök Íslands telja heppilegt að tekin verði afstaða til framangreinds þegar netlög eru skilgreind skv. frumvarpi til laga um skeldýrarækt sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur